

Breytingartillaga vegna texta í áfangaskjali¹

með skýringum

frá Þorkeli Helgasynti

Lagt fram á 13. fundi Stjórnlagaráðs, 16.6.2011

KAFLI UM LÝÐRÆÐISLEGA ÞÁTTTÖKU ALMENNINGS

1. gr. Þjóðaratkvæði um brottfall nýsamþykktra laga

Breytingartillaga	Ákvæði eftir breytingu ²	Ákvæði í áfangaskjali/fyrirliggjandi tillögu
Alþingi skal bera undir þjóðaratkvæði lög ef tuttugu og fimm þúsund kjósendur krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykki laganna.	Alþingi skal bera undir þjóðaratkvæði lög ef tuttugu og fimm þúsund kjósendur krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykki laganna.	Alþingi skal bera undir þjóðaratkvæði lög ef tíu af hundraði kjósenda krefjast þess innan þriggja mánaða frá samþykki laganna.

Skýring:

Gert er ráð fyrir að 25 þúsund undirskriftir þarf til að leggja fram frumvarp, ekki 10% eins og er í tillögu C-nefndar. Þetta svarar til ríflega 10% kjósenda m.v. núg. tölu kjósenda á kjörskrá. Kjörskrá er ekki tiltæk nákvæm á hverjum tíma þ.a. deilur gætu verið um það hvaða tala svarar til hlutfallsins. Þá er það kostur við fasta tölu að hún gerir fjölgandi þjóð smám saman auðveldara að beita frumkvæðisréttinum, en hafa um leið vissan aðlögunartíma.

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Grænt letur og undirstrikað gefur til kynna breytingu eða viðbót miðað við fyrirliggjandi texta.